



**Umbeðin umsögn framkvæmdastjórnar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri
um þingskjal 799 / 530 mál, frumvarp til laga
um breytingu á lögum nr. 55 / 1996 um tæknifrjógung með síðari breytingum.**

Framkvæmdastjórn FSA hefur fengið tvo sérfræðinga sjúkrahússins til þess að fara yfir frumvarpið lið fyrir lið og bera saman við eldri lög er málið varða. Umsögn sérfræðinganna fer hér á eftir og gerir framkvæmdastjórnin hana að sinni.


Umsögn:

Eftir að hafa farið lið fyrir lið yfir þingskjal 799 um breytingu á lögum nr. 55/1996 um tæknifrjógung með síðari breytingum og kynnt okkur efni athugasemda sem frumvarpinu fylgja teljum við ekki þörf á að gera efnislegar athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

Frumvarpið er að okkar mati vel og varfærnislega samið. Fjallað er um viðkvæm mál og umdeild á lýsandi en um leið nærfærnislegan hátt. Hvergi farið of eða van og fyllstu varúðar gætt, að siðfræði og virðing fyrir hugsjón mannhelgi séu í heiðri hafðar, jafnframt því sem kveðið er á um það hvernig tekið skuli á í því tilviki að út af sé brugðið.

Akureyri 21. febrúar 2007.

F. h. framkvæmsdastjórnar FSA.


Magnús Stefánsson,
staðgengill framkvæmdastjóra lækninga FSA